

Landmælingar Íslands kynna málþingið

Ríkisstofnun úti á landi – búbót eða basl?

Rýnt verður í hvað það þýðir að vera með ríkisstofnun utan höfuðborgarsvæðisins í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá flutningi Landmælinga Íslands frá Reykjavík á Akranes

kl. 13:00– 13:25 **Ávarp fundarstjóra - Bjarnheiður Hallsdóttir**, formaður samtaka ferðaþjónustunnar

kl. 13:05– 14:10 **Framsaga** **Eydís Líndal Finnbogadóttir og Magnús Guðmundsson**, forstjórar Landmælinga Íslands
Guðjón Brjánnson, alþingismaður og fyrrverandi forstjóri
Vífill Karlsson, Hagfræðingur SSV og dósent við Háskólann á Akureyri

kl. 14:10 – 14:25 **Kaffihlé**

kl. 14:25 -14:55 **Framsaga** **Valgarður Lyngdal Jónsson**, forseti bæjarstjórnar Akraness

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

kl. 14:55 – 15:25 **Pallborðsumræður** með frummælendum

kl. 15:25 – 15:30 **Samantekt og málþingslok**

Landmælingar Íslands

20 ár á Akranesi

Búbót eða basl?




Eydís Líndal Finnbogadóttir, settur forstjóri Landmælinga Íslands

*Magnús Guðmundsson, framkvæmdarstjóri Vatnajökulspjóðgarðs
og forstjóri Landmælinga Íslands, í leyfi*

Um LMÍ



26 starfsmenn



Gildi

Nákvæmni

Við vöndum vinnubrögð og öflum okkur sífellt nýrrar þekkingar. Við notum nýjustu tækni til að gögn og upplýsingar sem koma frá Landmælingum Íslands séu áreiðanlegar og öruggar fyrir notendur.

Notagildi

Við gætum þess að gögn og upplýsingar samræmist kröfum samfélagsins um notagildi. Við leggjum áherslu á öflugt samstarf, upplýsingagjöf og gott aðgengi að gögnum.

Nýsköpun

Við sýnum frumkvæði og sveigjanleika og leitum sífellt nýrra leiða við að auka virði og notagildi gagna, ferla og samstarfs. Við nýtum okkur innlent og erlent samstarf til að leita nýrra tækifæra og þekkingar.

Kjarnaverkefni Landmælinga Íslands

Hæðar- og landshnitakerfi

Hæðar- og landshnitakerfi fyrir Ísland eru á meðal grundvallarkerfa samfélagsins. Þau eru notuð við nákvæmar staðarákvarðanir og landmælingar m.a. í tengslum við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands, við verklegar framkvæmdir, við gerð skipulags og í tengslum við ferðamennsku. Landmælingar Íslands viðhalda og tryggja sem besta nákvæmni í hnita- og hæðarkerfi landsins fyrir fjölbreyttar þarfir samfélagsins.

Fjarkönnun

Fjarkönnunargögn eru notuð í margvíslegum verkefnum s.s. við gerð og endurskoðun korta- og landupplýsingagrunna og við vöktun umhverfisins. Landmælingar Íslands vinna að öflun, miðlun, úrvinnslu og kynningu á hagnýtingu fjarkönnunargagna af Íslandi. Landmælingar Íslands vinna að öflun, miðlun, úrvinnslu og kynningu á hagnýtingu fjarkönnunargagna af Íslandi.

Landupplýsingavinnsla

Landupplýsingar eru margskonar gögn og upplýsingar um umhverfið. Megineinkenni þessara gagna er að þau er hægt að staðsetja. Landmælingar Íslands tryggja að ávallt sé til aðgengilegar og traustar landupplýsingar af öllu Íslandi.

Grunngerð landupplýsinga

Grunngerð landupplýsinga nær til heildarskipulags landupplýsinga opinberra aðila á Íslandi. Lögð er áhersla á að samræma og samnýta gögn og tryggja gott aðgengi að opinberum landupplýsingum. Landmælingar Íslands hafa umsjón með innleiðingu grunngerðar landupplýsinga á Íslandi í samstarfi við ráðuneyti, opinberar stofnanir og sveitarfélög.

Varsla, miðlun og þjónusta

Til að tryggja opna og gegnsæja stjórnsýslu skulu skjöl og upplýsingar vera vel skráðar og þeim miðlað eftir þörfum til samfélagsins. Landmælingar Íslands tryggja skráningu og opið aðgengi að gögnum stofnunarinnar og veita viðskiptavinum ávallt góða þjónustu.



Flutningur Landmælinga Íslands til Akraness



Jákvætt

- Markmiðið að efla atvinnulífi á landbyggðinni og að starfsfólk flytti
- Tímabundið aukið fjármagn til ákv. verkefna
- Aukin athygli
- Nýtt menntað starfsfólk, ný þekking
- Nýr staður og ný menning
- Mikill stuðningur bæjaryfirvalda við stofnunina

Neikvætt

- Mikið álag vegna langs aðdraganda
- Mikil reynsla og þekking tapaðist
- Mikið álag vegna aksturs starfsmanna frá RVK
- Miklar deilur og neikvæð umræða
- Ákvörðun dæmd ólögmat
- Aðeins einn flutti, forstjórinn

[Fyrir nokkru](#)

Fiskistofa

Betri undirbúningur hefði sparað vinnu og fé

um. Þá greiddi Fiskistofa leigu í tvö ár í húsnæði við Dalshraun í Hafnarfirði fyrir húsnæði sem stofnunin þurfti ekki á að halda. Nam þessi kostnaður alls tæplega 50 milljónum frá miðju ári 2016, en um mitt síðasta ár tók Matvælastofnun yfir samninga á þeim hluta húsnæðisins sem Fiskistofa þurfti ekki á að halda.

hefur þurft að mæta kostnaði upp á tæplega 50 milljónir. Að sögn Eypórs Björnssonar, fiskistofustjóra, hættu allmargir starfsmenn og var

Eyþór fiskistofustjóri var eini starfsmaður Fiskistofu, sem flutti til Akureyrar þegar höfuðstöðvarnar voru fluttar norður. Hann sagði í samtali

mbl.is
Forsíða Vískafti 200 millur Íþróttir Félkió Smartland Matur Börn Ferðalög
Afurðaverð Kvóti Stofnar Skopaskrá Útgerðir Hafnir Staðsetningar skipa Nýjustu landanir Þjórnun
200 millur Morgunblaðið 16.2.2019 16:40
Betri undirbúningur hefði sparað vinnu og fé

Á Akureyri: Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri, í húsnæði Fiskistofu í Borgum. Hann var eini starfsmaðurinn sem flutti norður með stofnuninni. mbl.is/Skipari Halgrímsson

Álls nam kostnaður vegna flutnings Fiskistofu til Akureyrar árið 2016 tæplega 180 milljónum króna. Stærstu einstöku liðirnir eru vegna starfslokakostnaðar upp á 45 milljónir og flugkostnaður innanlands, dagpeningar og annar ferða- og dvalarkostnaður nam samtals um 42 milljónir. Þá greiddi Fiskistofa leigu í tvö ár í húsnæði við Dalshraun í Hafnarfirði fyrir húsnæði sem stofnunin þurfti ekki á að halda. Nam þessi kostnaður alls tæplega 50 milljónum frá miðju ári 2016, en um mitt síðasta ár tók Matvælastofnun yfir samninga á þeim hluta húsnæðisins sem Fiskistofa þurfti ekki á að halda.

Framlag ríkisins vegna flutninganna nam 130 milljónum, en stofnunin hefur þurft að mæta kostnaði upp á tæplega 50 milljónir. Að sögn Eypórs Björnssonar, fiskistofustjóra, hættu allmargir starfsmenn og var rekstrarafgangur m.a. nýttur til að mæla þessum kostnaði. Auk þess hefur Fiskistofa fengið vilyrði fyrir fjármagni út næsta ár vegna aukins ferðakostnaðar. Árlegur kostnaðarauki vegna ferðakostnaðar innanlands er talinn nema níu milljónum króna.

60 starfsmenn víða um land
Eyþór fiskistofustjóri var eini starfsmaður Fiskistofu, sem flutti til Akureyrar þegar höfuðstöðvarnar voru fluttar norður. Hann sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að alls störfuðu nú 60 starfsmenn hjá Fiskistofu. Á Akureyri starfar 21 starfsmáður, þar af 5 veidifirtilmenn, í Hafnarfirði eru alls 27 starfsmenn að meðöldum átta veidifirtilmönnum. Tölf starfsmenn Fiskistofu starfa síðan víða um land við eftirlit og önnur störf, fjórir í Stykkishólmi, fjórir á Hornafirði, tveir á Ísafirði og tveir í Vestmannaeyjum.

Átom eða ákvörðun um að flytja höfuðstöðvar Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar voru kynnt í júní 2014. Starfsmönnum var brugðid við þessum fréttir og í kjölfarið fylgdu ölgja og uppsagnir. Á heimasíðu Fiskistofu birtist í vikunnar skýrsla fiskistofustjóra um flutningana. Skýrslan var tilbúin fyrir mitt ár 2018 en þar sem hún var hluti þeirra gagna sem Ríkissendurskoðun voru fengin frá stofnuninni vegna vinnslu á skjýrslu um eftirlitsstarfsemi Fiskistofu var beðið með birtingu skýrslunnar. Þar er ferlinu lýst frá því að ráðherra tilkynnt um áformin og fram á árið 2018 þegar flestir bættir málsins lágu skjýrt fyrir.

Ítarlegri umfjöllun er að finna í Morgunblaðinu í dag.


Nánar um málið í Morgunblaðinu Áskrifendur: Lessa blaðið hér

Blogga um frétt

mbl.is 16.02.2019

Mannauður





Meðal starfsmaður Landmælinga

Er karlmaður

Rúmlega fimmtugur


Hefur starfað hjá LMÍ í 16 ár

Er sérfræðingur í landupplýsingum


Býr á Akranesi

Búseta

Búseta janúar 2019







Búseta á Akranesi og utan Akraness





Fastur greiddur ferðatími starfsmanna frá Reykjavík

Mannauður

Fjöldi starfsmanna 2019 eru 26 manns




Þróun fjármála frá 1999



Opinber störf á landsbyggðinni

	Fjöldi opinberra stöðugilda 2016	Íbúafjöldi 1. janúar 2017	Hlutfall opinberra stöðugilda af fjölda íbúa á vinnumarkaði	Störf LMÍ sem hlutfall af opinberum störfum á Akranesi
Akranes	349	7.051	7,8%	7,5%
Akureyri	1.448	18.488	12,2%	
Borgarnes	229	3.677	9,6%	



Ríkisendurskoðun

- Að mati Ríkisendurskoðunar getur það haft jákvæð áhrif á ríkisreksturinn í heild þegar dreifð starfsemi er sameinuð á einum stað og byggð upp á markvissan og kerfisbundinn hátt.
- ***“Ríkisendurskoðun telur það ófrávíkjanlegt skilyrði slíkra breytinga að þeir leiði til faglegs eða fjárhagslegs ávinnings.”***
- Færa má rök fyrir því að bæði Akranes og Selfoss séu í raun hluti af sama atvinnusvæði og Reykjavík.

(Ríkisendurskoðun, 2016. Flutningur ríkisstarfsemi milli landshluta. Skýrsla.)



Flutningur ríkisstarfsemi milli landshluta
Áhrifaþættir í vandasömu breytingaferli

Júní 2016

 RÍKISENDURSKOÐUN


Áhrif staðsetningar stofnana



Starfsmaðurinn



Nærsamfélagið



Ríkið



Alþjóðasamstarf

Áhrif á alþjóðasamstarf

Búbót

- Auðvelt og ódýrara að halda fundi.
- Þéttara samstarf, enginn fer neitt.
- Lítil truflun

Basl

- Langt á flugvöll
- Takmarkanir á almenningssamgöngum
- Skortur á hótélum
- Ófærð á Kjalarnesi



Alþjóðasamstarf

Áhrif staðsetningar = Lítil


Áhrif á ríkið / skattborgara / stofnunina

Búbót

- Minni afskipti, sjálfstæði stofnunar
- Lítil starfsmannavelta
- Sýnileiki starfa ríkisins meiri
- Lægri húsaleiga en í Rvk.
- Miðlun þjónustu á vef aukinn
- Nærsamfélagið er bakland stofnunarinnar
- Aukin notkun fjarfunda og beinna útsendinga frá ráðstefnum

Basl

- Langt að sækja stofnunina heim
- Aukinn aksturskostnaður, mengun v. aksturs, óvirkir vinnutímar í akstri
- Tregða við að fá samstarfsaðila á vinnustaðinn s.s. á fundi
- Hætta á að stofnun gleymist, dagi uppi, fái minni fjárveitingu og dragist saman
- Tillitsleysi innan stjórnarsýslunnar s.s. afboðanir á fundi
- Bundinn leigusamningur á húsnæði sem ekki er verið að nýta



Ríkið / Stofnun

Áhrif staðsetningar = Nokkur

Áhrif á nærsamfélagið /sveitarfélagið

Búbót

- Aukin atvinnutækifæri sérmenntaðra
- Aukið útsvar, hærri laun
- Fjölbreytt samfélag

Basl

- Álag á sveitarstjórnarfólk að berjast fyrir að halda opinberum störfunum
- Álag á alþingismenn kjördæmisins
- Álag á stjórnendur stofnunarinnar s.s. verið að draga verkefni til Reykjavíkur



Nærsamfélagið

Áhrif staðsetningar = Nokkur

Áhrif á starfsmanninn

Búbót

- Stutt að sækja vinnu
- Stöðugt vinnuumhverfi
- Hægt að taka virkari þátt í samfélaginu
- Lægri húsnæðiskostnaður
- Fjölbreyttari vinnuumhverfi

Basi

- Langt að sækja vinnu
- Aukin streita vegna akstur s.s. um vetur
- Aukið álag við að sækja fundi til RVK
- Óvirkir vinnutímar í akstri
- Lengra í menninguna í RVK



Starfsmaðurinn

Áhrif staðsetningar = Mikil

Framtíðin



Skiptir staðsetning stofnana máli?

Hvað er stofnun?

Háð staðsetningu

Óháð staðsetningu



Rannsóknarstofa



Menning



Kaffivélin



Skjalasafn



Vinnuaðstaða



Tölvukerfi



Tölvubúnaður



Starfsfólk



Tæki, tól

Getur vinnustaður verið starfhæfur ef hann er samansettur af fólki með mismunandi hlutverk?

Skógræktarfræðingur

Ferðamálafræðingur

Grasafræðingur

Sérfræðingur örnefna

Málvísindamaður

Starfsmannastjóri

Forstjóri

Forstjóri

Verkfræðingur

Kortagerð

Vefhönnuður

Tölvunarfræðingur

Fjarkönnunarsérfræðingur

Stærðfræðingur

Landfræðingur



Ríkisstofnun úti á landi

Búbót eða basl?



Niðurstaða

- ✓ Stofnun úti á landi er klárlega búbót sem fylgir þó svolítið basl.
 - ✓ Klárlega búbót fyrir starfsmenn sem búa á staðnum.
 - ✓ Búbót fyrir nær samfélagið og samfélagslega fjölbreytni.
 - Basl vegna aukins kostnaðar, ekki gert ráð fyrir því í rekstri stofnana, erfitt að fá ný verkefni til stofnana.
-
- Ríkisstofnanir eru of margar og fámennar. Það er dýrt að reka litlar stofnanir – Ríkisstofnanir ættu kannski ekki að vera með færri en 100 starfsmenn – dreifðir í útibú og fjarvinnu um land allt

Tækifæri

- Stærri stofnanir með fjölbreyttara starfssvið
- Tækifæri ríkisins felast í samnýtingu húsnæðis og störfum án staðsetningar – Fjarvinna
- Vinnustaður ríkisins með blönduðum störfum „ríkisvinnustaðir um land allt“ dæmi Vestm/Höfn
- Um leið og ríkið er með einn vinnustað skapast rými til að nýta fyrir aðrar ríkisstofnanir
 - Það þarf ekki að flytja verkefni sérstaklega til að skapa störf
- Sveitarfélögin þurfa að skapa umhverfi til að laða að fólk
- Nýtt hugarfar í ríkisrekstri – meiri miðstýring á húsnæðiskostnaði, samgöngum og upplýsingatækni.
- Meiri sveigjanleiki fyrir starfsmenn.



Búbót!

